

Nd.

921. Breytingartillaga

við frumvarp til laga um viðauka og breyting á lögum um bygging, ábúð og úttekt jarða, frá 12. jan. 1884. (Þingskj. 201.)

Frá Sigurði Sigurðssyni.

Við 2. gr.

Fyrstu tvær málsgreinar greinarinnar orðist þannig:

Nú vill leiguliði gera meiri háttar jarðarbót, sem ekki er áskilin í byggingarbrjefi, svo sem girðingu um engjar, haga eða land jarðarinnar alt, áveitu og framræslu í stórum stil o. s. frv., og skal hann þá leita um það samkomulags við landsdrottinn. Nái hann eigi samkomulagi við hann, er rjett að hann fái óvilhalla menn á sinn kostnað til að meta, hver not muni verða að jarðarbótinni, og skal að minsta kosti annar þeirra vera búfróður maður.